

Aðalfundur - fundargerð

Haldinn á Fosshótel á Húsavík 7.apríl 2017.

Nancy Bechtloff, fundarstjóri
Sindri Gíslason, ritari

Fundur settur 9:15

Allir forstöðumenn náttúrustofa mættu á fundinn nema frá Norðurlandi vestra. Áhugasamt starfsfólk sat einnig fundinn.

1.liður – Skýrsla stjórnar

Kristín Hermannsdóttir formaður SNS 2016, kynnti skýrslu stjórnar og fór yfir starfsemina frá síðasta aðalfundi.

Fyrirspurnir í lok kynningar: Engar fyrirspurnir bárust.

2.liður – Kristín Ágústsdóttir, formaður SNS, fór yfir verkefni frá áramótum (2017) fram að aðalfundi.

3.liður – Yfirferð ársreiknings 2016 (Kristín Hermannsdóttir gjaldkeri)

Framlög náttúrustofanna 689.651. Rekstrargjöld 512.378. Samtök náttúrustofa áttu kröfu á Náttúrustofu Norðvesturlands upp á 171.965 kr. sem fengust greiddar snemma árs 2016. Ferðakostnaður á árinu var 131.937 kr. Eigið fé og skuldir í lok árs voru því 339.237 kr.

4.liður – Kosning stjórnar

Í framboði fyrir árið 2018 voru Sindri Gíslason, Nancy Bechtloff og Bjarni Jónsson. Engin mótframboð bárust svo þau voru sjálfkjörin.

5.liður - Vinnuhópar

Bjargfuglar (Lindi kynnrir, aðrir hópmeðlimir Sunna Björk Ragnarsdóttir og Róbert A. Stefánsson)

- Samningur gerður við Umhverfisstofnun, vöktun hófst með formlegum hætti 2016. NNA fer með verkefnastjórn. NNA fékk styrk árið 2016 fyrir 4 vöktunarlátum og verða þær settar upp í samstarfi við NS og NVE. Fimm stofur taka þátt í vöktuninni. Árleg skýrsla verður gefin út.

Spendýr (rándýr – Róbert kynnrir, í hópnum eru Róbert og Lindi)

- Ekkert verið gert.

Hreindýr (Skarphéðinn Þórisson í forsvari, í hópnum eru Snævarr Guðmundsson og Lindi)

- Skarphéðinn búinn að skila inn skýrslu – kemur þar fram að brýnt er að halda hópnum við. Lítið verið gert í hópi en vinnu verður haldið áfram

Facebook hópur (Kristín Hermannsdóttir og Áslaug Lárusdóttir)

- Ánægja með aukna virkni innan hópsins. Lagt til að tilkynningar verði settar inn ef nýjir starfsmenn koma til starfa.

Vatnshlotshópur (Ó. Sindri Gíslason)

- Starf legið niðri frá 2015 þar sem fjárveiting var skorin niður.

Erlent samstarf/Evrópustyrkir (Kristín Hermannsdóttir, Kristín Ágústsdóttir og Christian Gallo)

- Ekkert gerst – en hugmynd haldið á lofti. Erpur lagði til að fenginn yrði fulltrúi frá RANNÍS til að kynna möguleika okkar til styrkja, jafnvel á næsta ársfundi. Lagt til að Erpur gengi í hópinn og varð hann við því.

6.liður – Skoðunarmenn reikninga

- Áslaug Lárusdóttir og Guðrún Óskarsdóttir.

7.liður – Árgjald

- Kristín Hermannsdóttir, formaður og gjaldkeri SNS, lagði til árgjald félagsins verði óbreytt 50.000 kr. Var það samþykkt einróma.

8.liður – Önnur mál

- Róbert lagði til breytingu á lögum: Að 5.liður breytist í “Skýrslur vinnuhópa og fulltrúa í nefndum”. Tillaga samþykkt.
- Halldór Walter lagði fram fyrirspurn hvort til stæði að endurvekja Mófuglahópinn. Róbert lagði til að þetta yrði samvinnuverkefni við Náttúrufræðistofnun. Viss vandkvæði að ekki er notuð sama aðferðafræði alls staðar, NNA (nota aðferðafræði Rannsóknaseturs HÍ á Suðurlandi) ósáttir við aðferðafræði NÍ sem hinar náttúrustofur nota.
 - Lindi. Lagði til að í stað þess að stofna vinnufund yrði haldin vinnufundur þar sem helstu aðilar yrðu boðaðir (náttúrustofur, Náttúrufræðistofnun og Rannsóknasetur HÍ) og þar yrði vöktunin og aðferðafræðin rædd – með von um að hægt verði að samhæfa aðferðir í eitt skipti fyrir öll hjá öllum aðilum. Samþykkt. Lindi og Allí munu sjá um að boða til fundar – áætlaður fundur verður haustið 2017.
- Margrét Thorsteinsson lagði til að stofnaður yrði Fiskeldishópur – til að samræma vinnuáferðir. Samþykkt. Vinnuhópur stofnaður, í honum sitja Erlín, Bjarni og Margrét.
- Kristín Hermannsdóttir. Sat í Landsskipulagsstefnu. Komin út skýrsla fyrir 2015-2026, komin á heimsíðu UAR. Nefnd lokið vinnu sinni.
- Lindi: Næsta náttúrustofuþing – haldið í Reykjavík á næsta ári (mögulega með námskeiðum og fyrirlestrum) og svo á Norðvesturlandi árið 2019. Samþykkt.
- Róbert: Sat í Samráðsnefnd sjálfbærra veiða. Hefur verið að breyta ráðstöfun veiðikortasjóðs – fjármagn fer nú í vöktunarverkefni veiðistofna eins og bjargfugla, rjúpa og gæsa. Léleg stjórn, kraftlaus nefnd og skilar engu – byrjaði af krafti en nú er engin vinna í gangi og ekki vitað hvað er framundan. UST ekki að skila sínu.
- Stella Jóhannsdóttir: Situr í Fagræði Náttúruminjaskrár. Einn fundur verið haldinn – kynning á starfinu. Ingvar sat fundinn (varamaður í nefndinni), Stella skrifaði greinargerð eftir fundinn – efni verður sett á Facebook síðu SNS.
- Kristín Ágústsdóttir: Á SNS að senda UST bréf varðandi Náttúruverndaráætlanir – minna á náttúrustofurnar. Senda Hildi Vésteinsdóttur póst.

Fundi slitið 10:55